



NORRÆNT LANDSLAG

og evrópski landslagssáttmálinn



Norrænt landslag og evrópski landslagssáttmálinn

Líkja má því umhverfi sem hvert okkar lifir og hrærist í við stóra mynd dregna af landslagi. Daglegar athafnir móta landslagið og það landslag sem við búum eða vinnum í hefur mótandi áhrif á okkur sem einstaklinga. Landslag hefur þannig áhrif á lífsgæði og lífsfyllingu fólks. Það er mikilvægt bæði fyrir atvinnulíf og útivist.

Landslag á Norðurlöndum á sér marga sameiginlega drætti þótt jarðfræði og umhverfi landanna sé um margt ólíkt. Norðurlandapóðirnar deila svipuðum viðhorfum til náttúru og menningarmínja og hvernig best sé að vernda þá arfleifð sem í þeim felst. Saga Norðurlanda er samofin og þjóðfélags-hættir svipaðir, t.d. hvað varðar lýðræði, menningu, þjóðhætti og byggingarlist.

Landslagið er síbreytilegt

Öll geymum við með okkur ímynd af landslagi bernsku okkar. Hún kann að tengjast sveit eða sjávarþorpi, firði eða fjalllendi, miðborg eða úthverfi. Hver sem ímyndin er, er landslag bernsku okkar nær örugglega orðið annað en það var, enda kann þjóðfélagið að hafa tekið stakkaskiptum síðan. Slíkar breytingar geta haft áhrif á tilfinningatengsl okkar við umhverfið jafnt sem á lífsgæði okkar.

Æ fleira kallar fram breytingar á umhverfi okkar og það verður sífellt erfiðara að stýra breytingunum þannig að gildum og sérkennum landslagsins séu jafnframt viðhaldið. Breytingarnar snerta hvert og eitt okkar persónulega, en landslagið með sínum náttúrufarslegu og menningarlegu verðmætum er einnig gífurlega mikilvæg samfélagsleg auðlind. Ókomnar kynslóðir munu einnig þurfa að lifa í og með landslaginu. Okkar verkefni er að nýta landslagið í þjóðfélagslegri þróun þannig að verðmæti þess og gildi séu einnig varðveitt til lengri tíma lítið.

Hvað breytist?

Hvers vegna, - hverjar eru orsakirnar?

Hvaða breytingar viljum við sjá - hvað viljum við forðast?

Hvað er hægt að gera, - hvað get ég gert?

Evrópski landslagssáttmálinn

Evrópski landslagssáttmálinn er sameiginlegur rammi um viðleitni til að svara þessum spurningum og taka á þeim álitamálum sem upp koma. Eitt mikilvægt markmið samningsins er að styrkja áhrif einstaklinga og heimamanna á hverju svæði með þáttöku þeirra í skipulagsmálum, stjórnun og verndun sem tengist landslagi.

Evrópuráðið kynnti Evrópska landslagssáttmálann árið 2000. Þann 15. október 2002 höfðu 24 ríki undirritað sáttmálann og 3 ríki höfðu fullgilt hann. Þegar 10 ríki hafa fullgilt, mun sáttmálinn taka gildi.

Heildartexta sáttmálans með skýringum og ítarefni má nálgast á vefsíðu Evrópuráðsins:

<http://www.coe.int/EuropeanLandscapeConvention>

Um hvað er sáttmálinn?

Sáttmálinn tekur til alls landslags, í byggð og óbyggð, í borgum og þorpum, hann tekur til ræktaðs landbúnaðarlands og beitilands, skóga og fjalla, stranda, eyja og fjarða. Sáttmálinn nær yfir landslag í víðustu merkingu orðsins, - hann nær þannig jafnt yfir næsta umhverfi okkar hvert sem það er, og yfir sérstaklega verðmætt landslag. Hann tekur líka til landslags sem tekið hefur óæskilegum breytingum. Í sáttmálanum er lögð áhersla á að allar gerðir landslags geti haft mismunandi gildi fyrir okkur sem einstaklinga, en jafnframt á mikilvægi þess að breytingum sé stýrt með langtíamarkmið í huga.



Hverjum kemur sáttmálinn við?

Sáttmálinn kemur okkur öllum við! Stjórnmalamönnum, hinum ýmsu greinum atvinnulífsins, sveitastjórnnum, fólki í viðskiptalífinu, frjálsum félagasamtökum, skólum og upp-
alendum, - breytingar á landslagi hafa áhrif á alla þjóðfélags-
þegna á Norðurlöndum. Í sáttmálanum er lögð áhersla á að
áætlanagerð, skipulagning, stjórnun og verndun landslags
veiti öllum bæði réttindi og skyldur.

- Fólk ætti að vera meðvitað um það landslag sem það
dvelur í og á hvern hátt landslagið er því mikilvægt
og mótur athafnir þess sjálfs og annarra.
- Hvetja þarf fólk til að hafa áhrif með því að taka þátt
í stjórnmalastarfi, félagsstarfi og þjóðfélagsmálum.
- Rödd almennings ætti að fá að heyrast þegar
sérfræðingar, stofnanir og stjórnmalamenn
ræða um landslag og framtíðarþróun.
- Á sveitastjórnarstigi þarf almenningur að eiga
greiðan aðgang að umræðu og ákvörðunartöku
um skipulagsmál sem snerta landslag.

Almenn ákvæði sáttmálans

Sáttmálinn kveður á um að hvert aðildarland setji tiltekna
ramma um vinnu tengda landslagi:

- **Lagaramminn:** Lög þurfa að endurspeglar að landslag
er mikilvægur hluti af umhverfi fólks, - landslagið end-
urspeglar fjölbreytni í sameiginlegri arfleifð í náttúruferi
og menningu og landslag er einn mikilvægasti horn
steinn þjóðarimyndar.
- **Stefnumörkun:** Móta þarf stefnu varðandi skipu-
lagningu, stjórnun og verndun landslags og úrræði
til að fylgja henni eftir.

- **Áætlanir og skipulag sem geta leitt til breytinga
á landslagi,** m.a. svæðisskipulag og aðalskipulag
og stefnumörkun innan mismunandi greina atvin-
nulífsins, verða að taka tillit til þessara áhrifa
í áætlanagerðinni.
- **Starfshættir:** Móta þarf ákveðna starfshætti eða ferli
sem tryggja þátttöku almennings og sveitarstjórna
við ákvarðanatöku.

Sértæk ákvæði sáttmálans

Hér er bæði að finna bein ákvæði og ákvæði tengd
almennum markmiðum sáttmálans sem beinast
að því að tryggja:

- **Aukna meðvitund** um landslag meðal almennings,
í viðskiptalífi og hjá stjórnvöldum.
- **Faglega hæfni** sérfræðinga, hvort sem þeir starfa
í einkageiranum, á opinberum stofnunum eða
við fræðslu.
- **Þekkingu** með m.a. kortlagningu og matsvinnu þar sem
sem flestir eiga hlut að máli; almenningur, stjórnendur
og sérfræðingar.
- **Setningu markmiða** varðandi landslagsgæði tiltekinnar
svæða og sem ætti að móta í samvinnu almennings
og stjórnvalda.
- Nauðsynleg **tæki** svo markmið náist.



Hvað er verið að gera á Norðurlöndunum?

Norðurlöndin vinna í sameiningu að útfærslu landslagssláttmálans undir Norrænu ráðherranefndinni. Á vegum vinnuhóps um náttúru, útivist og menningarmínjar hefur verið unnið að tillögum um hvaða áherslur Norðurlöndin ættu að leggja innan sáttmálans. Ísland hefur ekki undirritað sáttmálann en hefur tekið þátt í framangreindri vinnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Tillögur og skýrslu hópsins verður hægt að skoða á slóðinni:

<http://www.norden.org>

Upplýsingar

Eftirfarandi stofnanir bera ábyrgð á vinnu tengdri landslagssáttmálanum:

Danmörk:
Skóg- og náttúruverndin (Skov- og Naturstyrelsen)
<http://www.sns.dk>

Finnland:
Umhverfisráðuneytið (Miljöministeriet)
<http://www.ymparisto.fi>

Ísland:
Umhverfisstofnun
<http://www.umhverfisstofnun.is>

Noregur:
Umhverfisráðuneytið (Miljøverndepartementet)
<http://www.md.dep.no>

Svíþjóð:
Náttúruverndin og Þjóðminjaráðið
(Naturvårdsverket og Riksantikvarieämbetet)
<http://www.naturvardsverket.se>
<http://www.raa.se>

Photo: *Malene Fischer, Tapio Heikkilä,*

Jan Norrman, Norsk Bildebyrå, Samfoto.

Design: *Grape Design.*



Norræna ráðherranefndin